

Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsögötu 4, 4. hæð, miðvikudaginn 21. janúar 2014 og hófst kl. 15.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Dóra Jakobsdóttir, Gunnhildur Stefánsdóttir, Hilmar Hilmarsson, Hjörtur Hjartarson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Stanisław Jan Bartoszek, Steingrímur Þórðarson, Steinunn Stefánsdóttir og Þórhildur S. Sigurðardóttir. Brynhildur Þórarinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Guðrún Rögnvaldardóttir, Sigríður D. Þorvaldsdóttir, Sigurður Pálsson og Steinunn Mar tilkynntu forföll. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. 50 ára afmæli Íslenskrar málnefndar – undirbúningur

Rætt var um undirbúning viðburða á hálfri aldar afmæli Íslenskrar málnefndar nú í ár á fundi stjórnar ÍM 14. janúar 2014 (sjá yfirlit yfir umræðurnar í fg. stj. ÍM 1/2014, 2. lið). Meginhugmyndin, sem þar var rædd, var að veglegt afmælis- og málrættarþing yrði haldið í nóvember sem hefði mál og mannréttindi sem yfirskrift. Nefndarmönnum ÍM leist vel á þessa hugmynd. Hilmar sagði að ráðstefnan ætti endilega að vísa út til almennings og hafa víða skírskotun. Allir voru sammála um að réttindi, sem kveðið er á um í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls (<http://www.althingi.is/altext/stjt/2011.061.html>), yrðu miðpunktur umræðunnar sem fjallað yrði síðan um á ýmsum sviðum, til dæmis málréttindi fatlaðs fólks, hinsegin fólks o.s.frv. Melkorka sagði að gott væri að fá fólk úr hagmunahópum til að tala á þinginu og Hjörtur nefndi að gott væri að fá reynslusögur frá útlendingum (til dæmis Pólverja) eða hópum eins og heyrnarskertum.

Stanisław sagði frá því að nú í ár væru 100 ár síðan dómtúlkun hófst hér á landi en dómtúlkun snýst einmitt um það að fólk hafi rétt til að nota sitt móðurmál fyrir dómstólum. Dómtúlka vantar hér á landi, lítil nýliðun væri í greininni. Stanisław nefndi einnig að margir útlendingar hér væru lítt færir í ensku og ættu ekkert auðveldara með að tjá sig á ensku en íslensku.

Rætt var um hvar ætti að halda afmælistálþingið. Hjörtur lagði til að það yrði haldið utan háskólasvæðisins, til dæmis í Iðnó. Tekið var vel í að kanna það. Steinunn nefndi að með því yrði þingið tekið úr formlegum ramma og yrði afslappaðra en ella. Ef til vill gæti ráðuneytið greitt fyrir salinn. Í upphafi þingsins verður farið stuttlega yfir sögu Íslenskrar málnefndar. Rætt var um að þetta yrði eins dags málþing, til dæmis frá kl. 10–16 15. nóvember. Gunnhildur nefndi að gaman gæti verið að sýna sögu nefndarinnar með myndrænum hætti, til dæmis á skjá. Þar mætti meðal annars sýna myndir frá samstarfi við Mjólkursamsöluna í gegnum tíðina. Einnig var rætt um að láta hugsanlega útbúa upplýsingabækling (fjórblöðung) um Málnefndina til að dreifa á þinginu. Leita mætti eftir stuðningi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til að standa straum af kostnaði við gerð hans. Formaður ÍM hefur

þegar haft samband við MS og fyrirtækið tekið vel í að styrkja afmælistarþing ÍM, að minnsta kosti veitingar og hugsanlega einnig skemmtiatriði.

Formaður nefndi að stofna þyrfti vinnuhóp um afmælistarþingið sem í gætu verið fleiri en stjórnin. Gunnhildur sagðist reiðubúin að taka þátt í undirbúningshópnum. Sent verður út síðar skeyti til aðal- og varamanna í ÍM þar sem óskað verður eftir fleiri tilnefningum í hópinn.

2. Önnur mál

a) Málræktarþing unga fólksins

Sjá fg. stj. ÍM 10/2013, 4. lið. Haraldur sagðist vera dálítið efins um hvort málræktarþing unga fólksins (2012–) þjónuðu upphaflegum tilgangi sínum, þ.e. að hvetja unglinga til að hugsa um íslensku. Almenn ánægja hefði þó verið með þingin hjá þátttakendum. Hilmar tók undir að megintilgangurinn með þingunum ætti að vera að örva umræðu meðal unglinga um íslensku. Íslensk málnefnd hefði varla bolmagn til að standa að þingunum með sama hætti og áður. Hilmar sagðist hafa haft forvarnadaginn sem fyrirmynd að málræktarþingi unga fólksins. Formaður sagði að ef til vill mætti kynna hugmyndina að þingunum fyrir skólastjórnendum.

b) Aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni

Svandís Svavarsdóttir og fleiri þingmenn hafa lagt fram þingsályktunartillögu (*Aðgerða-áætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni*, 268. mál, <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=143&mmr=268>). Ákveðið var að Íslensk málnefnd myndi senda út áskorun um að tillagan verði samþykkt og einnig bréf til allsherjar- og menntamálanefndar.

c) Þátturinn Orðbragð

Dóra sagði merkilegt og frábært hversu vinsæll sjónvarpsþátturinn *Orðbragð* hefði verið, meðal annars hjá fólki sem annars hefði lítinn áhuga á íslensku. Anna Sigríður sagði að þættirnir hefðu nú þegar verið notaðir sums staðar í kennslu og unnið væri að kennslufni byggðu á þáttunum.

Ákveðið var að senda þakkarbréf til aðstandenda þáttarins og einnig til Ríkisjónvarpsins þar sem hann var sýndur.

d) Fundargerðir Íslenskrar málnefndar

Ákveðið var að hér eftir yrðu fundargerðir Íslenskrar málnefndar og stjórnar Íslenskrar málnefndar einnig sendar til varamanna í nefndinni.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.30.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.